

Nr. 20-077 S 053 Sigurörn GK 25**Leki**

Skipaskr.nr.: 7331
Smíðaður: Hafnarfirði 1991, plast
Stærð: 5 brl. 5,4 bt.
Mesta lengd: 8,99 m Skráð lengd: 8,55 m
Breidd: 2,39 m Dýpt: 0,89 m
Vél: Cummins 186 kW, 1997
Fjöldi skipverja: 2



Sigurörn©Knútur R Jónsson

Gögn:
Gögn RNSA

Málið afgreitt á fundi 16. október 2020 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasynti, Pálma K. Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 29. júlí 2020 var Sigurörn GK 25 á strandveiðum á SV miðum. Veður: Hægviðri.

Leki kom að vélarúmi í bátnum og lensidælan hafði ekki undan og var því óskað eftir aðstoð. Björgunarskipið Hannes Þ. Hafstein kom Sigurerni til aðstoðar og sigldi með honum til hafnar í Sandgerði.

Við rannsókn kom fram:

- að skipverjar náðu að ausa vélarrúmið til að hjálpa með lensidælnni og sigla til hafnar;
- gat kom á gúmmíhosu sem var á milli sjódælu og varmaskiptis á vélinni;
- að gúmmíhosan var 15 sm að lengd;
- að fram kom hjá þjónustuaðila að endurnýja þarf þessar gúmmíhosur reglulega og þær eiga að vera tveggja strigalaga;
- að gúmmíhosan var ný þegar eigandinn keypti bátinn sem var árið 2015.

Nefndarúlit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.